

Framlenging á rammasamningi

Rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og talmeinafræðinga, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi um talmeinaþjónustu, dags. 3. nóvember 2017, sbr. síðari breytingar, er hér með framlengdur til og með 30. nóvember 2020, þrátt fyrir ákvæði 17. gr. samningsins.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á samningnum og gilda þær frá og með 1. nóvember 2020:

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af talmeinafræðingi sem hlotið hefur starfsleyfi landlæknis, sbr. lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. einnig reglugerð nr. 1125/2012 um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga. Talmeinafræðingurinn skal hafa starfað í a.m.k. 2 ár (sem talmeinafræðingur), í a.m.k. 80% stöðugildi, eftir löggildingu. Sé móðurmál talmeinafræðings annað en íslenska þarf hann að hafa gott vald á íslensku máli (í það minnsta B2 á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál).

Við c) lið 5. gr. bætist:

- Heimilt er að víkja frá því að forráðamaður sé viðstaddur teymisfund, ef um ræðir sérstök tilvik að ósk barnaverndaryfirvalda.
- Heimilt að notaðir séu ýmist 20 eða 60 mín. gjaldliðir vegna teymisvinnu en í þeim tilfellum er samanlagður hámarksfjöldi mínútna 120 mín.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr.

- Gjaldliður nr. 9, Hópmeðferð, sbr. 5. gr. d., 60 mín, fellur niður.
- 5. mgr. 6. gr. orðast svo:

Með tilgreindum tíma í töluliðum 3 til 7 er átt við viðveru talmeinafræðings með sjúklingi, utan töluliðar 6 og 7 þar sem átt er við viðveru með forráðamönnum og viðkomandi fagaðilum, sbr. 5. gr. c.

Reykjavík, 30. október 2020

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Björnsd
Frjálgjörð Þorsteinsson